

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfse mi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2006 frá 7. júlí 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 779/2006 frá 24. maí 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 488/2005 um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32006 R 0779**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 779/2006 frá 24. maí 2006 (Stjtið. ESB L 137, 25.5.2006, bls. 3).

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 779/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 29, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 137, 25.5.2006, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.